

Refsiréttarnefnd

Alþingi
Erindi nr. P 131/971
komudagur 7.3.2005

Reykjavík, 4. mars 2005.


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum, 47. mál.

Refsiréttarnefnd telur að ekki sé tilefni til að nefndin veiti almenna umsögn um frumvarpið. Nefndin telur þó rétt að benda á með a-lið 2. gr. frumvarpsins er breytt ákvæðum 1. másl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 97/2002 um veitingu tímabundinna atvinnuleyfa og miðað við að slík leyfi séu veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda og að leyfið sé miðað við ráðningu til starfa í tiltekinni starfsgrein en ekki í tiltekið starf. Í almennum athugasemdum greinargerðar segir m.a. að óbreyttar skyldur séu lagðar á þann atvinnurekanda sem útlendingurinn ræðst til starfa hjá.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar breytingar á refsíákvæðum 17. gr. laga nr. 97/2002. Í a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna er að finna almennt refsíákvæði þar sem segir að það varði sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna lýsir síðan m.a. refsínæmum verknuðum sem beinast sérstaklega að þeim sem nýta sér starfskrafta útlendinga sem ekki hefur atvinnuleyfi eða notfærir sér eða hagnast á því að aðstoða útlending til að stunda vinnu án tilskilinna leyfa. Með þessu ákvæði er m.a. höfð hliðsjón af þeirri almennu reglu 1. másl. 1. mgr. 7. gr. gildandi laga að tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa en með a-lið 2. gr. frumvarpsins er eins og að ofan er rakið ráðgert að gera breytingar á því ákvæði. Að þessu virtu bendir refsiréttarnefnd á að taka verður afstöðu til þess hvort og þá hvaða þýðingu sú grundvallarbreyting á veitingu tímabundinna atvinnuleyfa, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. gr. frumvarpsins, eigi að hafa við mat á mögulegri refsíabyrgð útlendinga og atvinnurekanda samkvæmt 17. gr. gildandi laga.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, formaður